



Markaðsstofa Suðurlands

## Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

13. mars 2012 kl. 10.30 fundur haldinn Austurvegi 56

Af stjórn eru mætt; Íva, Sigurdís sem ritar fundargerð, Ásbjörn, Gunnar, Anna, Steingerður og Davíð framkvæmdarstjóri MSS. Sigrún Kapítóla er í símasambandi.

### **1. Ársreikningur lagður fram til skoðunar.**

Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi fór yfi ársreikning Mss 2011. Stjórn samþykkir hann án athugasemda.

### **2. Erindi til stjórn eigenda MSS v. tilnefningu fulltrúa í stjórn .**

Davíð býður eigendur Mss að tilnefna fulltrúa í stjórn Mss fyrir aðalfund sem haldinn er 21. Mars 2011.

### **3. Kynningarefni**

#### **Erindi frá Landsmótsnefnd hestamanna 2012.**

Ladsmótsnefnd hestamanna leitar til Mss varðandi markaðssetningu mótsins 2014. Stjórn felur Davíð að funda með nefndinni og vinna málið áfram með henni.

#### **Erindi frá Golfklúbbi Selfoss**

Gólfklúbbur Selfoss sækir eftir styrk til Mss við gerð gólfbæklings á Suðurlandi. Stjórn felur Davíð að vera í sambandi við Hlyn formann klúbbsins og kynna möguleika á að setja góða kynningu á gólfvöllum í landshlutabæklinginn og aðra möguleika til kynningar.

#### **Útgáfa á Suðurlandskortí með Grapevine**

Davíð sagði frá hugmynd að samvinnu við Grapevine með útgáfu að Suðurlandskortí. Kort af Suðurlandi verði í mju blaði Grapevine og aðilar innan Mss geti svo keypti auglýsingar á kortið. Stjórn samþykkir þetta verkefni.

#### **Erindi frá Heimur / auglýsingar í Around Iceland**

Útgáfufyrirtækið Heimur býður Mss að auglýsa í bókunum Around Iceland. Stjórn hafnar því erindi.

#### **Erindi vegna Dyrhólaey**

Erindi frá Björgvini hóteltjóra á Hótel Höfðabrekku. Björgvin leitar til Mss hvort að hægt sé að tryggja öruggt aðgengi gesta að Dyrhólaey. Eyjan verði opin á varptíma með landsvörslu. Þetta sé mikið hagsmunamál fyrir ferðapjónustuaðila á svæðinu þarna. Ákveðið að Mss sendi fyrirspurn til Umhverfisstofnunar og kanni málið.

### **4. Önnur mál**

#### **Meðal verkefna í liðnum mánuði.**

Davíð verið á sýningum síðustu vikur. Nýkomin frá sýningunni ITA í Berlín og sýningu sem hann var boðið á í Svíþjóð. Nýr ímyndunarbæklingur kominn úr prentun og Davíð tók hann með sér og kynnt á sýningunum. Bæklingurinn kynnir hringakstursleiðir um Suðurland. Ferðapjónustuaðilar innan Mss

geta svo búið til sitt kynningarefni og sett það inní bæklinginn miðjan og haft á sýningum sem þeir sækja.

### **Suðurland í sókn**

Sýning í ráðhúsinu 16 og 17. Mars. 35 aðilar skráðir sem eru 5 fleiri frá síðasta ári. Kostnaður er 35 þúsund á aðila. Sýningin verður auglýst á rúv, Fréttatímanum og landshlutablöðunum. Búið er að bjóða 650 aðilum í ferðaþjónustunni á sýninguna. Boðsbrefið er sent með tölvupósti og pósti, einnig ætlar Davíð að fara um í Reykjavík og afhenda boðsmiðana.

### **Samningur um almenningssamgöngur.**

Samningu um almenningssamgöngur ræddur og ákveður stjórn að óska eftir fundi með stýrihópi á vegum Sass vegna þessa.

### **Sumarafleysingar.**

María starfsmaður Mss er að fara í barneignarfrí. Starsmannamál rædd og telur stjórn að ekki sér þörf á afleysingarmanni strax í stað Maríu. Skrifstofu Mss verður lokuð í júlímánuði. Staðan tekin í haust hvort að þörf sé á starfsmanni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.